

AUGLÝSING

um jöfnunartoll á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á miðað við kr/kg. Þó skal samanlagður tollur, jöfnunargjald og jöfnunartollur aldrei vera hærri en sem nemur 46% af tollverði á vörum sem falla undir vörulið 1806 og aldrei hærri en sem nemur 37% af tollverði á vörum sem falla undir vörulið 1905.

Tollskrárn:	Jöfnunartollur kr/kg:	Tollskrárn:	Jöfnunartollur kr/kg:
1806.2009	45	1905.2000	29
1806.3101	47	1905.3011	12
1806.3109	47	1905.3019	14
1806.3202	45	1905.3091	20
1806.3203	18	1905.3099	10
1806.3209	18	1905.4000	12
1806.9002	15	1905.9011	26
1806.9003	44	1905.9019	5
1806.9005	50	1905.9020	4
1806.9006	44	1905.9040	38
1806.9007	45	1905.9090	46
1806.9009	45		

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningu og innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum í ríkissjóð eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi 1. október 1992 og skal hún gilda til 31. desember 1992.

Fjármálaráðuneytið, 21. september 1992.

F h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.